

enda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og viðlagagjald er innfalið í gjöldunum, nema af raforku til húshitunar. Rafveitunum er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 90 15. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

8. febrúar 1974.

Nr. 43.

REGLUGERÐ

um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

I.

Línu- og netaveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eru bannaðar veiðar frá 1. mars til 1. maí 1974 á eftirgreindum svæðum:

1. Vestan 20°59'0 v.lgd. og austan línu, sem dregin er réttvísandi 213° frá Reykjanesaukavita (63°48'0 n.br. og 22°41'9 v.lgd.) Að utan takmarkast þetta svæði af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

- | | |
|------------------|----------------|
| 1. 63°34'0 n.br. | 20°59'0 v.lgd. |
| 2. 63°34'0 n.br. | 21°26'0 v.lgd. |
| 3. 63°41'2 n.br. | 21°45'5 v.lgr. |
| 4. 63°41'2 n.br. | 22°21'0 v.lgd. |

og þaðan í réttvísandi 250°.

2. Milli 64°05'0 og 63°58'0 n.br. Að utan takmarkast svæði þetta af 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Frá 1. apríl til 1. maí skulu skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, einnig bannaðar veiðar á svæði er takmarkast af 20°48'0 v.lgd. og 20°59'0 v.lgd. norðan 63°34'0 n.br.

3. gr.

Á tímabilinu frá 20. mars til 1. maí 1974 eru allar veiðar bannaðar í botnvörpu samanber 2. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, svo og með línu og netum á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

- | | |
|------------------|----------------|
| a. 63°32'0 n.br. | 21°25'0 v.lgd. |
| b. 63°00'0 n.br. | 21°25'0 v.lgd. |
| c. 63°00'0 n.br. | 22°00'0 v.lgd. |
| d. 63°32'0 n.br. | 22°00'0 v.lgd. |

H.

Línuveiðisvæði fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði.

4. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Á tímabilinu til 20. mars 1974 á svæði vestan línu réttvísandi 213° frá Reykjanesaukavita og sunnan 63°58'0 n.br. Að utan takmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er 12 sjómíliur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972 en að innan af línunum, sem dregnar eru í réttvísandi 090° og 344° frá Geirfugladrang (grunnlínupunktur 24).

2. Á tímabilinu til 1. apríl 1974 í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|------------------|----------------|
| 1. 64°28'0 n.br. | 23°57'0 v.lgd. |
| 2. 64°27'0 n.br. | 24°43'0 v.lgd. |
| 3. 64°18'0 n.br. | 24°43'0 v.lgd. |
| 4. 64°18'0 n.br. | 24°23'0 v.lgd. |

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1974 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi 145° úr Skorarvita (65°24'0 n.br. 23°57'4 v.lgd.) í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

III.

5. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætta opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, og lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.